

AUGLÝSING

(V) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 722, 4. ágúst 2005, um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2005/2006, staðfestir ráðuneytið eftirfarandi úthlutunarreglur:

Ísafjarðarbær.

1. Umsókn um byggðakvóta skal skilað á skrifstofu Ísafjarðarbæjar fyrir 3. mars 2006. Einnig má skila umsókn á netfangið thorleifur@isafjordur.is. Umsóknareyðublöð má nálgast á skrifstofu Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, Ísafirði, eða á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is.
2. Byggðakvóta þeim er úthlutað var til Ísafjarðar samtals 140 þorskígildislestum, skal úthlutað til skel- og rækjuveiðibáta, þannig að 50 þorskígildislestir komi í hlut skeljabáta og 90 þorskígildislestir komi í hlut rækjubáta, samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Skipting milli skeljabáta verði að jöfnu, en skipti milli einstakra rækjubáta verði í hlutfalli við aflahlutdeild þeirra þann 1. september sl., samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu. Bátar sem fá úthlutað skel- og rækjubótum nú samkvæmt ofanskráðu, geta ekki sótt um frekari úthlutun byggðakvóta hjá Ísafjarðarbæ á þessu fiskveiðiári.
3. Öðrum úthlutuðum aflaheimildum verði skipt sem hér segir samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Í hlut báta á Ísafirði komi 51 þorskígildislest, í hlut báta í Hnífsdal komi 37 þorskígildislestir, í hlut báta á Suðureyri komi 51 þorskígildislest, í hlut báta á Flateyri komi 51 þorskígildislest og í hlut báta á Þingeyri komi 79 þorskígildislestir. Samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar verður eingöngu skipt á milli þeirra báta/skipa, sem voru með heimahöfn í ofangreindum byggðalögum þann 1. september 2005. Ef umsóknir um veiðiheimildir verða umfram úthlutað aflamagn á hverjum stað skal 25% aflaheimilda skipt að jöfnu milli umsækjenda og 75% hlutfallslega miðað við það aflamagn er viðkomandi bátur/skip landaði til vinnslu í sveitarfélaginu fiskveiðiárið 2004-2005.
4. Með umsókn um byggðakvóta skal fylgja staðfesting fiskvinnslu í sveitarfélaginu, um að afli verði unninn þar. Gerð skal grein fyrir á hvaða tímabili umsækjandi hyggst veiða/landa úthlutuðum byggðakvóta. Öllum afla samkvæmt þessari grein skal landað fyrir lok þessa fiskveiðiárs.
5. Bátum sem úthlutað er byggðakvóta er skylt að leggja til eigin aflaheimildir að lágmarki tvöfaldan úthlutaðan byggðakvóta (1 á móti 2), sem einnig verði unninn í viðkomandi fiskvinnslu og skoðast móttekin umsókn sem staðfesting viðkomandi á því að það verði gert.
6. Við verðlagningu afla skal að lágmarki greiða viðmiðunarverð Verðlagsstofu skiptaverðs fyrir þorsk, ýsu og karfa en fyrir aðrar tegundir sambærilegt verð og algengast er á viðkomandi landsvæði að teknu tilliti til stærðar og gæða.
7. Úthlutaður byggðakvóti er ekki framseljanlegur en heimilt er að skipta á jöfnu á markaðsvirði á öðrum tegundum en þorski, án þess að það teljist framsal á úthlutuðum aflaheimildum.
8. Í síðasta lagi þann 10. september 2006 skulu útgerðir þeirra skipa, sem úthlutað fá byggðakvóta samkvæmt þessum reglum, skila inn skýrslu til Ísafjarðarbæjar, um nýtingu hans. Verði skýrslu ekki skilað eða ákvæðum þessara reglna um löndun afla og vinnslu

ekki fylgt geta viðkomandi bátar átt á hættu að fá ekki úthlutaðan byggðakvóta komi til slíkrar úthlutunar síðar.

2. gr.

Leiðrétting á auglýsingu nr. 970, 11. nóvember 2005.

Húsavíkurbær.

Í 5. tl. komi 1. júlí í staðinn fyrir 1. júní.

3. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 722, 4. ágúst 2005, um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2005/2006, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. febrúar 2006.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Guðný Steina Pétursdóttir.